

Þjóðgarðsmiðstöð formlega opnuð

Formleg opnun Þjóðgarðsmiðstöðvar Snæfellsjökulþjóðgarðs fór fram 24. mars síðastliðinn. Margt var um manninn á opnuninni en heimamenn, embættismenn og velunnarar þjóðgarðsins voru mættir til þess að fagna áfanganum. Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, flutti opunarávarp við tilefnið en hann notaði tækifærið og tilkynnti breytingu á nafni þjóðgarðsins sem er nú Snæfellsjökulþjóðgarður en ekki þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Er heitið nú styttra og þjálfa. Guðlaugur sagði opnun þjóðgarðsmiðstöðvarinnar mikilvægur áfangi í starfi Snæfellsjökulþjóðgarðs. Hann vildi einnig meina að sú mikla og góða uppbygging sem hefur átt sér stað innan þjóðgarðsins sé stuðningi og væntumþykju Snæfellinga gagnvart þjóðgarðinum að þakka og afraksturinn sé þessi glæsilega miðstöð. Guðmundur Jens, landvörður, og Eva Dögg, yfirlandvörður, voru kynnar á opnuninni. Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri umhverfisstofnunar flutti ávarp á opnuninni ásamt Kristni Jónassyni, bæjarstjóra Snæfellsbæjar og Hákonni Ásgeirssyni, þjóðgarðsverði. Alda Dís Arnarsdóttir og Lilja Dögg



Gunnarsdóttir slógu fyrsta hljóm í húsið en þær eru báðar Sandarar. Guðlaugur Þór, Sigrún Magnúsdóttir, Sigríður Anna Þórardóttir og Guðmundur Ingi Guð-

brandsson vígðu húsið með því að klippa á borða en þau voru öll umhverfisráðherrar á einhverjum tímamarki á meðan skipulagn-ing og bygging hússins fór fram. Karlakórinn Heiðbjört batt enda á formlega dagskrá með einstaklega ljúfum tónum sem ómuðu um nývígðu bygginguna. Að dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar frá matreiðslu meisturunum Rúnari Marvins og Gunna á Bjargarsteini.

Þjóðgarðsmiðstöðin er BRE-EAM vottuð og var hönnuð af Ar-

kís arkitektum. Húsið skiptist í þrennt; til suðurs er Jökulhöfði, sem vísar í Snæfellsjökul sem trónir yfir húsinu, til norðurs er Fiskbeinið sem vísar til fengsælla fiskimiða á svæðinu og í gegnum húsið liggur svo Þjóðvegurinn, en hægt er að ganga þvert í gegnum húsið að innan sem utan. Miðstöðin er um 700 fermetrar að flatarmáli og var kostnaður við gerð hennar rúmar 600 milljónir króna.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Styttist í að æfingar hefjist



Fjölmarginir eru orðnir spenntir fyrir fyrirhuguðu raflífróttaliði Ungmennafélags Víkings/Reynis og bíða eftirvæntingarfullir eftir að æfingar byrja. Nú er búnaðurinn fyrir raflífróttirnar kominn og hefur honum verið komið fyrir í Líkn á Hellissandi þar sem æfingar munu fara fram. Guðlaugur Páll Einarsson mun sjá um að þjálfa auk þess sem Garðar Krist-

jánsson og Styrmir Páll Sigurðars-son verða honum innan handar. Æfingarnar eru í boði fyrir börn í 4. til 10. bekk. Þar sem búnaðurinn er dýr og talva á mann er skilyrði fyrir æfingum eru takmörkuð pláss í boði en verið er að leggja lokahönd á uppsetningu og mun skráning og æfingar hefjast á næstu dögum ef allt gengur upp.

SJ

Hekluðu teppi fyrir nýbakaða foreldra



Starfsfólki Grunnskóla Snæfellsbæjar áskotnaðist töluvert magn af afgangsgarni fyrir nokkru. Í framhaldi af því tók hluti starfsfólksins sig saman um að hekla ungbarnateppi úr garninu. Hugmyndin með því að velja ungbarnateppi var að geta lagt þeim lið sem minna mega sín og heklaði hópurinn sjö teppi. Á sama tíma og verið var að leggja lokahönd á teppin kom Ljós- mæðrafélag Íslands fram með

beiðni um aðstoð á fésbókarsíðu sinni, þar sem sagt var frá því að margar konur sem fæða börn hér á landi eiga ekki fót né annað fyrir nýfædd börn sín. Þótti hópnum tilvalið að styðja þetta verkefni og voru því teppin send til ljós- mæðrafélagsins þar sem hjúkrunarfræðingar Vinnuálastofnunar tóku við þeim og munu sjá til þess að þau komist í hendur nýbakaða foreldra.

PA

Getraunir 1x2

Þó svo að menn litu þannig á, að auðveldara væri að ná í vinning þegar landsliðin ættu í hlut, reyndist það þrautin þyngri síðasta laugardag. Einhverjir nældu sér þó í nokkrar krónur út á 11 rétt úrslit. Eins og áður hefur komið fram er ekki aðalatriðið í þessum hópi að vinna einhverjar fúlgur, (myndi samt ekki skemma stemninguna) því hjá okkur gildir gamli ungmennafélags andinn, það er að vera með og styrkja Víking í leiðinni! Núna eru aðeins níu umferðir eftir af enska boltanum þetta tímabilið

og spennan að vaxa á toppnum og sjaldan hefur botnbaráttan verið jafn hatröm og spennandi, en 4 stig skilja að tólfta og tuttugasta og síðasta sætið. Við verðum í Áttthagastofunni á laugardaginn eins og ávallt, á milli klukkan 11.00 og 12.00 með getraunakaffið.

Næsta laugardag þann 1. apríl (ekki grín) fer Víkingur suður til Reykjavíkur og leikur við lið Árbæjar í Mjólkurbikarnum. Óskum þeim góðs gengis.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Bifreiðuverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

ATVINNA

Hafnir Snæfellsbæjar auglýsa hér með eftir tveimur hafnarstarfsmönnum til sumarafleysinga við Ólafsvíkurhöfn og Rifshöfn. Viðkomandi munu einnig þurfa að vinna við Arnarstapahöfn.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára gamlir.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2023 og skulu umsóknir sendar til hafnarstjóra.

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 433-6922 og 863-1153, netfang bjorn@snb.is

Hafnarstjóri.



HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR



Fótboltinn rúllar í Snæfellsbæ

Víkingur spilaði sinn síðasta leik, á þessu tímabili í Lengjubikarnum á laugardaginn hér heima. Lið KV kom í heimsókn og þar sem að gestirnir voru án sigurs í keppninni hafa okkar strákar líklega vanmetið þá. Hvað sem gerðist voru gestirnir komnir í 2-0 eftir 15 mínútur og byrjunin erfið fyrir okkar nýja markvörð. Strákarnir tóku sig á og voru búnir að jafna leikinn eftir um rúman hálf tíma með mörkum frá Luis og Abdelhadi. Það dugði þó skammt því gestirnir bættu við marki fyrir hálfleik. Staðan því 2-3 í hálfleik. Áfram héldu gestirnir og juku forskoti fljótlega í seinni hálfleik og staðan ekki góð hjá okkar strákum. Mikael Hrafn bætti við marki fyrir heimamenn í uppbótartíma og 3-4 tap því staðreynd. Næsti leikur er í Mjólkurbikarnum, 1. apríl í Reyjavík á móti Árbæ og ef sá leikur vinnst, bíða Leiknismenn eftir okkar strákum í leik, sem fer fram í Breiðholti 8. apríl. Góður bragur er á liðinu, spila hratt og skora mörk. Vörn og markmaður eiga eftir að slípa sig saman og



þegar það er komið verða strákarnir mjög öflugir.

Reynir leikur sinn fyrsta opinbera leik á leiktíðinni, 1. apríl hér heima við Knattspyrnufélag Kópavogs KFK. Með sigri í þeim leik taka þeir á móti Selfoss eða Álftanesi í næsta leik hér heima 8. apríl. Síðan byrjar utandeyðin, sem strákarnir leika í, og er fyrsti leikur þeirra hér heima á móti knattspyrnufélaginu Mími

þann 18. maí. Eins og staðan er í dag eru aðeins fimm lið skráð til keppni í utandeyðinni í sumar og því þreföld umferð spiluð. Vonandi halda strákarnir í Reyni uppi sömu stemmningu í kringum leikina eins og í fyrra, því reglulega gaman var að mæta á heimaleiki þeirra.

Við skorum á snæfellsbæinga, að sýna báðum liðum áhuga í sumar og mæta vel á alla leiki hér

heima og hvetja strákanna til sigurs. Ábending til þeirra, sem þurfa að sitja í bílunum við Kirkjutúnið, vinsamlega munið að slökkva á ljósum bílanna, eða hafið þau þannig stillt að þau lýsi ekki innvöllinn, það er mjög truflandi fyrir leikmenn.

Meðfylgjandi mynd af æfingu Reynis er fengin af Facebooksíðu stuðningsmannaklúbbs UMF Reynis. *ÓHS*

Pílur kepptu við þriðja flokk

Eins og áður hefur verið fjallað um í Jökli hittast öflugar stelpur og konur vikulega í íþróttahúsinu og spreyta sig á alls kyns íþróttum, gamni og glensu. Hittast þær undir nafninu Pílurnar og eru 108 meðlimir í hópnum. Eins og segir eru íþróttirnar alls kyns og nýlega fengu þær boð um að setja saman áhugamannalið í fótbolta sem 3. flokkur kvenna í fótbolta gæti keppt æfingaleiki við. Það stóð ekki á svörum og fyrr en varði höfðu þær safnað í gott lið og kepptu við 3. flokk kvenna á gervigrasinu í Ólafsvík mánudagskvöldið 27. mars. Tilprifin voru til staðar hjá þeim eldri en þurftu þær að hafa örlítið meira fyrir leiknum en þær yngri, þótt hausinn hafi að sjálfsgöngu verið til staðar. Pílurnar fengu aðstoð í markíð frá Kristian Sveinbirni Sævarssyni og þegar líða fór á leikinn lánuðu stelpurnar í 3. flokki þrjú leikmenn yfir til að jafna leikinn. Að lokum fór leikurinn 5-1



fyrir 3. flokki og höfðu allir gaman af, þá sér í lagi þær sem margar voru tengdar fjölskylduböndum og þótti þeim yngri ekki leiðinlegt að láta mömmur, systur og frænkur hafa aðeins fyrir leiknum. Mikið af áhorfendum mættu til að fylgjast með æsispennandi keppni og er annar æfingaleikur á milli liðanna áætlaður í maí. SJ

Húsanna hljóðnaði hjartsláttur



Sýningaropnun Steingerðar Jóhannsdóttur fór fram í 3 Veggir listrými laugardaginn 25. mars sem er staðsett í húsnæðinu Himinbjörg á Hellissandi. Sýningin ber heitið "Húsanna hljóðnaði hjartsláttur" og er önnur sýningin í umræddu listrými. Á sýningunni voru myndir sem Steingerður hefur tekið sem sýna sannarlega húsanna hljóðnaða hjartslátt en á myndunum

má sjá svipmyndir gömlum og yfirgefnum heimilum. Að sýningaropnun lokinni hélt Steingerður ásamt sýningargestum yfir í Spagettikirkjuna þar sem hún fjallaði um verk sín og listferil í máli og myndum. Bjarni Sigurbjörnsson stýrði þar líflægum umræðum áhugasamra gesta sem fengu innsýn í sköpunarferli Steingerðar. SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Útgerðin flytur



Útgerðin, verslun sem starfrækt hefur verið í Pakkhúsinu í Ólafsvík mun loka í núverandi mynd á næstu vikum. Fyrir tæpum fjórum árum ákváðu hjónin Rut Ragnarsdóttir og Heimir Berg að byrja í verslunarrekstri. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og verslunin í sögufræga húsinu orðin fastur liður í daglegu lífi margra á Snæfellsnesi og

þó víðar væri leitað. Nú er komið að ákveðnum kaflaskilum en þau hafa tekið ákvörðun um að endurnýja ekki leigusamninginn á húsinu. Verslunin mun þó opna á nýjum stað áður en langt um líður og hlakka þau til að taka á móti viðskiptavinum sínum á ný þegar að því kemur. JJ

Karлакór Akureyrar-Geysir

Tónleikar á Snæfellsnesi 2023

Laugardaginn 1. apríl

Ólafsvíkirkirkja kl 14

Grundarfjarðarkirkja kl 17

Sunnudaginn 2. apríl

Stykkishólmskirkja kl 15



Blönduð efnisskrá – einsöngur – tvísöngur

Stjórnandi Valmar Völjaots

Miðasala við innganginn - aðgangseyrir kr.3000



Örstyrkir til menningarverkefna í Snæfellsbæ

Menningarnefnd Snæfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um örstyrki til menningarverkefna í Snæfellsbæ sumarið 2023.

Veittir verða fjórir styrkir kr. 50.000.- hver til tónleikahalds, listasýninga, útgáfu eða annarra verkefna sem styðja við lista- og menningarstarf í Snæfellsbæ, íbúum til heilla.

Umsóknir sendist á netfangið menningarnefnd@snb.is.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2023.

Íbúar á öllum aldri hvattir til að sækja um styrk til að gera eitthvað spennandi og skemmtilegt í sumar.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

Aflafréttir

Dagana 20. til 26. mars komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 601 tonn í 33 löndunum. Í Rífshöfn komu á land 356 tonn í 12 löndunum. Í Arnarstapa komu á land 139 tonn í 8 löndunum og í Ólafsvíkurhöfn komu á land 106 tonn í 13 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Steinunn

SH 51 tonni í 1, Esjar SH 44 tonnum í 3, Magnús SH 32 tonnum í 1, Rífsari SH 28 tonnum í 2, Ólafur Bjarnason SH 22 tonnum í 3, Guðmundur Jensson SH 15 tonnum í 2, Egill SH og Gunnar Bjarnason SH lönduðu hvor um sig 9 tonnum í 1 löndun hvor þessa daga. Fimm handfæra bátar lönduðu

þessa daga í höfnum Snæfellsbæjar Kári III SH landaði 2 tonnum í 1, Glaumur SH 1 tonni í 1, Naustvík ST 1 tonni í 1, Sverrir SH 1 tonni í 1 og Herdís SH 1 tonni í 2 löndunum. Tveir af litlu línu bátunum lönduðu þessa daga Stakkhamar SH landaði 30 tonnum í 2 og Sverrir SH landaði 7 tonnum í 1 löndun. Stóru línu bátarnir lönduðu einu sinni hver bátur og landaði Rífsnes SH 86 tonnum, Örvar SH 84 tonnum og Tjaldur

SH 66 tonnum. Bárður SH er á netum og landaði hann 122 tonnum í 7 löndunum.

Í Grundarfjarðarhöfn komu á land þessa sömu daga 610 tonn í 10 löndunum. Tveir handfærabátar lönduðu Vinur SH sem landaði 2 tonnum og Margrét SH sem landaði 1 tonni hvor um sig í einni löndun. Jökull ÞH sem er á netum landaði svo 58 tonnum í 1 löndun.

ÞA



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Framkvæmdir við ferðamannastaði



Við Ytri-Tungu og Grenhól í Staðarsveit eru miklar framkvæmdir en fyrirhuguð er uppbygging á ferðamannastaðstöðu við selafjöruna. Selafjaran hefur verið vinsæl meðal ferðamanna undanfarin ár en hún er með-

al annars markaðssett sem fullkominn staður til þess að fylgjast með selum. Áætluð er stækkingun bílastæðis, lagning nýs vegar og göngustíga ásamt innviðaupbyggingu með vatni og rafmagni. JJ



Helen og June í hlaðvarpi

Rúv english podcast er hlaðvarp á ensku sem Darren Adam, skoskur útvarpsmaður sem hefur dálæti af Íslandi heldur úti fyrir Ríkisútvarpið. Á ferðalagi sínu um landið fór Darren í sundlaugina í Ólafsvík þar sem hann hittir Helen Billington, starfsmann sundlaugarinnar til fjölda ára. Þar kynntist hann Helen og heillaðist að sögunni sem varð til þess að nokkru seinna gerði hann sér ferð aftur á Hellissand og settist niður með Helen og vinkonu hennar June Scholtz í þættinum New Icelanders eða Nýir Íslendingar. June flutti til Íslands fyrir 36 árum, eða árið 1987, frá London en kemur upprunalega frá Cape Town í Suður Afríku og Helen kom til Íslands ári seinna frá Yorkshire í Englandi. Þær teljast því varla til nýrra Íslendinga en eru samt sem áður aðfluttar svo þær falla undir skilgreininguna. Í viðtalinu spjalla þau um hvað kom til þess að þær fluttu til Íslands og svo hvað dró þær til Hellissands, þau fara yfir þær breytingar sem hafa orðið á landinu á þessum



35 árum, skoðun vina og ættingja í heimalandinu á því að þær hafi flutt í lítið þorp á vestur Íslandi og hvernig kom til að þær urðu góðar vinkonur. Þær tala báðar um að hafa fallið fyrir umhverfinu og lifnaðarháttum á Íslandi, áhyggjuleysinu, náungakærleiknum og hve barnvænt samfélagið er. Þá töluðu þær um að erfitt hafi verið að læra tungumálið þó þær séu báðar komnar með gott lag á því núna. Fyrir áhugasama er hægt að hlusta á hlaðvarpsþáttinn í heild sinni á www.ruv.is, Spotify og öðrum hlaðvarpsveitum. Meðfylgjandi mynd tók Darren Adam fyrir hlaðvarpið af vinkonunum Helen og June.

SJ

FJÖLSKYLDU MESSA

Grundarfjardarkirkju
pálmasunnudag
2. apríl kl. 11.00

hopparar í íþróttahúsi
í boði G. Run og
Ragnar og Ásgeir

velkomin öll og alltaf

Tvær sögur úr Snæfellsbæ valdar í smásögubók

Í haust fór fram ritunar- samkeppni á vegum Krakkarúv og Menntamálastofnunar þar sem krakkar voru hvattir til að senda smásögur inn í keppnina. Í kjölfarið mun Menntamálastofnun gefa út bók sem heitir Risastórar smásögur 2023 þar sem verðlaunasögurnar verða birtar. Ragna Egilsdóttir í 7. bekk og Júlía Rós Guðbjartsdóttir í 3. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar sendu báðar inn sögu og urðu þær valdar til birtingar í bókinni.

Saga Rögnu heitir Óveðrir og saga Júlíu heitir Kriss, krass, klipp og klapp.

Grunnskóli Snæfellsbæjar á því tvo fulltrúa sem fá sögu sína birta í Risastórum smásögum 2023 en þar að auki fá þær tækifæri til að taka þátt í meistarábúðum sem haldnar verða í Gerðubergi í Breiðholti núna í mars og svo fer verðlaunahátíðin Sagna fram í Hörpu þann 3. júní en það er árleg verðlaunahátíð barna.

SJ



Dansvika í Grunnskóla Grundarfjarðar

Víkuna 13. til 17. mars var dansvika í Grunnskólanum í Grundarfirði og kom þá Erla Rut Haraldsdóttir danskennari í heimsókn. Danskennslan stóð yfir alla vikuna og fóru nemendur í hópum einu sinni á dag til Erlu sem kenndi þeim sporin. Af-
rakstur kennslunnar var svo sýndur á danssýningu föstudaginn 17. mars við mikinn fögnuð áhorfenda. Nemendur stóðu sig með mikilli þrýði og skemmtu sér vel.

SJ



Fengu heimsókn frá Ara tannlækni



Tannverndarvikan hefur undanfarin ár verið í byrjun febrúar en nú hefur orðið breyting á. Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir þessari vitundarvakningu og hefur verið ákveðið að færa Tannverndarvikuna fram í mars og tengja hana í framtíðinni við Alþjóðlegan tannverndardag sem haldinn er 20. mars ár hvert. Með því að halda árlega Tannverndarvikuna er ætlunin að senda skilaboð til landsmanna um að huga betur að tannheilsunni og leggja enn meiri áherslu á

góða tannhirðu. Þá eru stjórnendur leik-, grunn- og framhaldsskóla hvattir til að leggja áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast tönnum og tannheilsu. Í tilefni tannverndarvinnunnar heimsótti Ari Bjarnason tannlæknir Leikskóla Snæfellsbæjar í byrjun febrúar við góðar móttökur þar sem hann fór yfir með yngstu kynslóðinni hvernig best sé að hugsa um tennurnar og burstu vel.

SJ

Stærðfræði notuð í brauðbakstri



Dagur stærðfræðinnar var haldinn hátíðlegur með ýmsum hætti í leikskóla Snæfellsbæjar. Stærðfræðidagurinn er haldinn 14. mars ár hvert en hann er oft einnig kallaður Pí-dagurinn og er þá verið að vísa til óræðu tölunnar sem byrjar á 3,14. börnin bökuðu brauð og stimpluðu það með svokölluðum Numicon spjöldum. Numicon er stærð-

fræðileg nálgun sem hjálpar börnum að sjá tengsl milli talna. Götin í Numicon fornumum tákna tölurnar frá einn til tíu. Í kaffitímanum fengu þau að gæða sér á brauðinu en fengu einnig að taka nýbakað Numicon brauð með sér heim. Börnin unnu ýmis önnur verkefni tengd stærðfræði yfir daginn og tókst vel til.

JJ

Útgáfa Jökuls í næstu viku

Þar sem að skírdagur er næsta fimmtudag mun útgáfudagur Jökuls verða miðvikudagur í þeirri viku.

Blaðinu verður dreift á dreifingarstaði á miðvikudeginum.





Óskað eftir rekstraraðila í Pakkhúsið í Ólafsvík

Snæfellsbær auglýsir eftir áhugasömum rekstraraðila í Pakkhúsið í Ólafsvík.

Húsið á sér langa og merkilega sögu í Ólafsvík og skal viðeigandi rekstur taka mið af sögu hússins og safni á efri hæðum þess. Undanfarin fjögur ár hefur verið rekin verslun á neðstu hæð auk þess sem leigutaki hefur tekið á móti gestum sem sækja safn bæjarins á efri hæðum.

Snæfellsbær horfir til þess að leigja Pakkhúsið áfram út undir svipuðum formerkjum og gera eins árs leigusamning um afnot leigutaka á húsnæðinu, með möguleika á áframhaldandi leigu ef báðir aðilar óska þess. Horft er sérstaklega til þess að húsnæðið verði áfram opið allt árið um kring og að reksturinn hafi samfélagslegan ávinning.

Pakkhúsið býður upp á mikla möguleika og tækifæri fyrir réttan aðila.

Frestur til að skila inn umsóknum er til og með 15. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar, í síma 433-690 á netfanginu lilja@snb.is.